

## AUGLÝSING

### sveitarstjórnar Dalabyggðar um samþykki deiliskipulags.

#### *Deiliskipulag í landi Fellsenda.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Dalabyggðar þann 21. september 2004 samþykkt deiliskipulag í landi Fellsenda í Dalabyggð.

Deiliskipulagið tekur til lóðar fyrir nýtt hjúkrunarheimili fyrir aldraða á um 3 ha land-svæði vestan við núverandi hjúkrunarheimili.

#### *Deiliskipulag frístundabyggðar í Sælingsdalstungu.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Dalabyggðar þann 23. nóvember 2004 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í Sælingsdalstungu í Dalabyggð.

Skipulagssvæðið er um 97 ha að stærð og þar af eru 57 lóðir undir frístundabyggð samtals um 37 ha. Hámarksstærð húsa verður 120 m<sup>2</sup> og leyfilegt verður að byggja við 25 m<sup>2</sup> útigeymslur sambyggðar húsum.

Greinargerðir og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Dalabyggð, 15. mars 2005.*

**Bogi Kristinsson Magnusen**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## GJALDSKRÁ

### fyrir hreinsun og losun rotþróa í Grýtubakkahreppi.

#### 1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Grýtubakkahreppi skal húseigandi greiða árlegt þjón-ustugjald, rotþróargjald, sbr. 4. gr. samþykktar nr. 671/2003, um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar á Norðurlandi eystra að undanskildum Húsavíkurbæ.

#### 2. gr.

Rotþróargjald fyrir árið 2005 skal vera kr. 5.000 fyrir þrær undir 3.000 l að rúmmáli og kr. 8.000 fyrir 3.000 l þrær eða stærri. Gjaldið miðast við að hreinsun og tæming rotþróa sé á þriggja ára fresti.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Grýtubakkahrepps 6. desember 2004, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu hennar.

*Grenivík, 11. janúar 2005.*

**Guðný Sverrisdóttir** sveitarstjóri.